

Pési



Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Bréf
- Tónleikar

Næsti Pési kemur út 17.jan 2013

Efni í Pésann

VERÐUR að

berast í

síðasta lagi

13.jan

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Tónleikar	9
Kirkjustarfið	10
Grænna land	14
Kveðja frá PÓSTNUM	18
Zero	22

Des 2012

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is


Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

22. árgangur. 266. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

JÓLA OG ÁRAMÓTAKVEÐJA

*Sendum íbúum
Hrunamannahrepps,
sumarhúsaeigendum og
öllum viðskiptavinum
nær og fjær,
hugheilar jóla og
nýárskveðjur með þakklæti
fyrir árið sem er að líða*

*Sveitarstjórn og
starfsfólk
Hrunamannahrepps*



Sveitarstjórapistill

Nú er runninn upp desember mánuður með tilheyrandi jólastússi. Ljósín eru að læðast upp og setja skemmtilegan svip á umhverfið og stríða skammdeginu dálítið. Þó að þessi tími kunni að vera streitutími hvet ég fólk til að reyna að líta upp úr amstrinu og njóta jólaundirbúningsins með því t.d. að hlusta á góða tónlist eða hvað þá að þjófstarta með jólasmakkið. Það var gaman að sjá hvað það var góð mæting á árlega aðventutónleika kirkjukórsins þann 1. desember í Félagsheimilinu sem reyndar stendur vel undir nafninu Menningarhús Hrunamanna. Slíkum stundum fylgja góðar kenndir og góð mæting fólks af ýmsum gerðum og þjóðarbrotum sýnir okkur fram á að við litum á okkur sem samstilltan hóp og vonandi gott samfélag.

Í desember verður líka ákveðin fæðing hjá okkur sem rekum sveitarfélagið. Ekki er það þó fæðing frelsarans heldur er það sú stund sem fylgir því þegar fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir næsta og næstu ár er kláruð. Í raun er það svolítið spennandi að sjá niðurstöðutölurnar og einnig hvort framkvæmdaplanið gangi upp. Eins og þetta lítur út hjá okkur er dálítill hagnaður, og við getum verið í einhverjum viðhaldsframkvæmdum og fjárfestingum á næsta ári. Það er gert ráð fyrir að áfram verði farið í verkefni vegna viðhalds utan húss í Flúðaskóla, farið að huga að þaki á Félagsheimili, haldið áfram við viðhald á öðrum fasteignum sveitarfélagsins, fjármunun verði veitt í Skrúðgarðinn á Flúðum, fjármagn veitt í réttarbyggingu og ráðist í gatnagerðarframkvæmdir á Flúðum. Reyndar hefur verið samþykkt í hreppsnefnd að reyna að klára að leggja bundið slitlag á íbúðargötur á Flúðum á næstu þremur árum. Planið er að Ásastígur verði fyrir valinu 2013, Hofin 2014, Högnastígur 2015 og Vesturbrúnin eftir efnun og ástæðum á þessu sama árabili. Það hefur verið kallað eftir því að þetta væri tímsett sem er gott þar sem eigendur húsnæðisins verða að gera ráð fyrir að greiða seinni hluta gatnagerðargjalda þegar viðkomandi verk er búið.

Að öðru leyti er rekstur sveitarfélagsins í nokkuð föstum skorðum og vonandi geta stofnanir sveitarfélagsins haft burði til að geta áfram gert góða hluti sem eftir verður tekið. Sveitin okkar er greinilega að verða vaxandi pottur ferðalanga af ýmsum toga þannig að það er mjög mikilvægt að fólk og fyrirtæki passi upp á að við verðum öll til fyrirmyndar. Eitt mun þó aðeins hjálpa okkur í fjárhagsmálum en nú liggur fyrir að skuldir sveitarfélagsins munu lækka aðeins vegna þess að Arion banki hefur fallist á að eldra gengislán sveitarfélagsins sæti æhdurútreikningi. Þó þetta séu engin auðæfi þá hjálpar allt til í þessum bransa.

Á næsta ári eru ýmsar breytingar á ferðinni en búið er að samþykkja að taka upp tveggja flokka kerfi við sorphirðu þannig að öll heimili verða með grátunnu og blátunnu. Nýjungin með blátunnuna þýðir að allur pappi, hverju nafni sem hann nefnist, má fara í blátunnuna. Þetta er mjög þörf breyting og mun vonandi minnka til muna urðað magn af sorpi sem reyndar hefur farið mjög vaxandi á þessu ári. Mikilvægt er síðan að kynna þessar breytingar vel þegar þar að kemur og hvetja fólk til að nýta sér aðstöðuna á gámasvæðinu á Flúðum til að flokka enn frekar.

Fleiri breytingar eru á döfni, búið er að samþykkja að stofna sameiginlegt Tæknisvið Uppsveita sem er tilraunaverkefni með nágrönnum okkar til eins árs. Þá verður spennandi að sjá hvort Uppsveitir fái svonefndan IPA styrk en búið er að sækja um styrk vegna verkefnis sem tengist ferðaþjónustu og lýðheilsu í Uppsveitum. Þá verður stofnbreyting á gömlu góðu Héraðsnefnd Árnesinga þannig að henni verður breytt í byggðasamlag og fær reyndar enn frekari verkefni eins og að halda utan um Brunavarnir Árnessýslu. Þá er einnig búið að velja úr hópi umsækjanda nýjan leikskólastjóra þar sem Halla Gunnarsdóttir frá Borgarási varð fyrir valinu. Ég vilja bjóða hana velkomna til starfa og hlakka til að vinna með henni við okkar ágæta leiksskóla. Þá vil ég einnig þakka sérstaklega þeim Halldóru og Eyðisi fráfarandi leikskólastjórum fyrir gott samstarf og góð störf.

Þá verður sú breyting að Brunavarnir Hrunamannahrepps renna inn í Brunavarnir Árnessýslu um áramótin. Það verður skrifað formlega undir samninga um slíkt þann 28. desember n.k. og vil ég hvetja alla sem áhuga hafa að kynna sér starfsemi Brunavarna Árnessýslu að mæta. Sérstaklega væri gaman að sjá núverandi og fyrrverandi slökkviliðsmenn Hrunamannahrepps og fylgja þessari breytingu eftir þegar síðasta hreppsslökkvilið í Árnessýslu rennur inn í samstarf sýslunnar. Ég vil hvetja alla núverandi slökkviliðsmenn hreppsins að ganga til samstarfs við Brunavarnir Árnessýslu og þakka þeim og fyrrverandi slökkviliðsmönnum fyrir einstakt og óeigingjarnt starf á liðnum árum.

Að lokum vil ég þakka öllum starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir gott starf í þágu sveitarfélagsins og samstarf á þessu ári sem fer nú að klárast en það er gefandi að vera hluti af þessu góða liði.

Megum við öll eiga góð og gleðileg jól

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri



Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju Starfsfólk Flúðaleiðar

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00



Um jól og áramót er LOKAÐ eftirtalda daga:

23-26 des og 31.des og 1.janúar .

Opið 27. og 28. des

Jólaög verða leikin í sundlauginni á aðventunni

Kona með barn leitar að húsnæði til leigu.Urgent!!!

Sími - 7792847

Upplit

Menningarklasi uppsveita Árnessýslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir



Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



Brunavarnir Árnæssýslu

Kynning / undirskrift

28. desember n.k. kl. 16-18 í Hótel Flúðum

Í tilefni þess að Slökkvilið Hrunamanna og slökkvilið Brunavarna Árnæssýslu sameinast um n.k. áramót **er boðið til kynningar** á starfsemi slökkviliðsins. Slökkviliði sem framvegis verður eitt slökkvilið í allri Árnæssýslu.

Jafnframt verður skrifað undir "Samþykktir" af hálfu fulltrúa Hrunamannahrepps og fulltrúum Brunavarna Árnæssýslu.

Öllum sem áhuga hafa að kynna sér starfsemi brunavarna er velkomið að koma og heyra og sjá það sem fram fer samhliða því að þiggja kaffi og með því.



Kynningin fer fram í máli og myndum.

Verið velkomin, Fulltrúaráð Brunavarna Árnæssýslu



ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18

LAUGARDAGA 11-14

LAUGARDAGINN 15. DESEMBER

VERÐUR OPIÐ FRÁ KL. 11-18.

FÖSTUDAGINN 21. DESEMBER

VERÐUR OPIÐ FRÁ KL. 9-12.

MÁNUDAGINN 24. DESEMBER

LOKAÐ.

MÁNUDAGINN 31. DESEMBER

LOKAÐ



ÓSKUM VIÐSKIPTAVINUM GLEÐILEGRA JÓLA OG FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI.

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.



GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímamantanir í Síma 856-1599

Starfsmaður óskast í hlutastarf.

Reiðhöllin á Flúðum óskar eftir að ráða starfsmann í verktöku í starf umsjónarmanns hússins.

Um óreglulegt hlutastarf er að ræða og fer tímafjöldi mjög eftir fjölda viðburða á hverjum tíma.

Starfið felst einkum í þrífum og almennri umsjón með húsinu í kringum þá viðburði sem þar eru.

Nánari upplýsingar veitir Helgi í s 897 7623 eða á netfangið

helgikj@mmedia.is

Til sölu lítill flutningabíll með lyftu (ekki á númerum)

Upplýsingar í síma: 846 9798





LAGNA POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

Tækjasalur í íþróttahúsi.

Opnunartími frá áramótum:

Mánudaga – fimmtudaga frá 16:00 – 21.30.

Föstudaga frá 13.00 – 18.00.

Ef mót eru í gangi, þá er opið á laugardögum frá 11.00 – 15.00.

Nánar auglýst á heimasíðu hreppsins.

Um jól og áramót er tækjasalurinn einungis opin

27-28 des frá kl: 13:00-18:00

Sauðakofinn auglýsir

Nú fer hver að vera síðastur að panta „væna flís af
feitum sauð „ fyrir jólin.

Upplýsingar í sínum 486-6079 og 894-1106

fossnes@uppsveitir.is



Opnunartími í desember:

14.– 15. des Kl: 18:00-20:30

21.– 22. des Kl: 18:00-20:30

28.– 29. des Kl: 18:00-20:30

Fyrir utan auglýstan opnunartíma er hægt að panta í síma 846 9798
(lágmark fjórir)



Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími hreppsskrifstofu.

Mánudaga til föstudaga:

09:00-12:00 og 13:00-16:00



Hrunamannahreppur

Um jól og áramót er lokað á aðfangadag og gamlársgang.

8 Opið 27. og 28. des. Opið frá kl: 12:30, 2. janúar 2013

Vetrarsólstöðutónleikar.

*Kirkjukór Hruna og Hrepphólasókna
býður á tónleika í Hrunakirkju,
föstudaginn 21.des. kl 20:30.*



*Flutt verða jólalög, sálmar og dægurlög.
Fram koma ungar söngkonur úr sveitinni.
Gestir fá að njóta þess besta sem kirkjukórinn
hefur upp á að bjóða.*

Nánar auglýst síðar.

Stjórnandi er Stefán Þorleifsson.



Kertaljósatónleikar

Laugardaginn, 29 desember 2012 kl.21:00 í Hrunakirkju

Þómið og eigið notalega samveru í fallegu kirkjunni okkar með þægilegri tónlist í góðum félagsskap. Flutt verða jólalög í bland við fleiri falleg sem henta kertaljósa stemningu.



Aðgangur er ókeypis en við hvetjum ykkur til að koma með nokkrar auka krónur sem renna í "Sjóðinn Góða". Sjóðurinn er til handa þeim fjölskyldum sem þurfa aðstoð yfir hátíðirnar. Að sjóðnum standa Rauði krossinn, Kvenfélögin, Lions, sóknir þjóðkirkjunnar og fleiri aðilar sem sinna líknarmálum og félagslegri aðstoð í Árnassýslu.

Hljómsveitina skipa:

Ester Ágústa Guðmundsdóttir - Söngur

Árni Þór Hilmarsson - Gítar

Björn Hr. Björnsson - Gítar

Smári Þorsteinsson - Trommur

Jón Aron Lundberg - Hljómborð



photo by mudsoap

Helgihald um jól og áramót

Jólin nálgast með hverjum deginum og ungir sem aldnir bíða spenntir komu jólanna. Helgihald í kirkjum í Hrunamannahreppi verður sem hér segir:

Aðfangadagur 24. desember:

kl. 23:30. Aftansöngur Hrepphólum

Jóladagur 25. desember

Kl. 11:00. Jólamesa í Hruna

Gamlársdagur 31. desember

Kl. 16:00. Guðsþjónusta í Hrepphólum



Sunnudagur 6. janúar - þrettándinn

Kl. 14:00. Guðsþjónusta Tungufell

Þá verða **Kertaljósatónleikar í Hrunakirkju** laugardaginn, 29. desember kl.21:00.

Það er ungt tónlistarfólk hér úr sveitinni og víðar sem ætlar að flytja okkur þægilega tónlist í góðum félagsskap. Flutt verða jólalög í bland við fleiri falleg sem henta kertaljósa stemningu. Aðgangur er ókeypis en fólk er hvatt til að koma með nokkrar auka krónur sem renna í "Sjóðinn Góða". Sjóðurinn er til handa þeim fjölskyldum sem þurfa aðstoð yfir hátíðirnar. Að sjóðnum standa Rauði krossinn, Kvenfélögin, Lions, sóknir þjóðkirkjunnar og fleiri aðilar sem sinna líknarmálum og félagslegri aðstoð í Arnessýslu.

Halldór Reynisson



LAUGARVATN fontana

Heilsulind frá landnámi

Laugarvatn Fontana býður ykkur að njóta gufunnar í vetur á sérstökum kjörum. Í desember eru til sölu einstaklingskort á 9.000 krónur og fjölskyldukort á 20.000 krónur sem gilda út júní 2013. Sunnudaga á aðventunni bjóðum við ykkur sérstaklega velkomin með heitu kakó og smákökum..

Síminn okkar er sem áður 486 1400. Opið virka daga í vetur frá 13:00 til 21:00 en um helgar 11:00 til 21:00.



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Til sölu fjallabíll Ford Ranger árg. 1991, mikið breyttur á góðum 38" dekkjum góður fyrir fjárbændur, tekur 8 kindur á pallinn upplagður til að sækja kindur á afréttinn hefur mikla reynslu af því verð tilboð.
upplýsingar í síma 8943333.

Jólaopnun

Bragginn leirvinnustofa heldur fyrstu jólin sín að sjálfsögðu hátíðleg með stórskemmtilegri jólaopnun sem verður helgina 15.-16. des, opið 13-18. Kanelilmur verður í lofti, mandarínulmur, exótísk dýr og almenn gleði. Allir hjartanlega velkomnir.

Einnig verður opið vikuna fyrir jól, 17.-22. des frá 13-18.

Nánari upplýsingar verður að finna á facebook síðunni okkar: [facebook.com/bragginn](https://www.facebook.com/bragginn)

Sjáumst hress,- Erna

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla

Vörumóttaka Héðinsgata 1-3
Sími: 533 2211



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími: 533 2211. **Mánudaga til föstudaga kl. 12:00**, Á Selfossi hjá Húsasmíðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

Jóga á Flúðum

Kveðja til allra þeirra sem hafa verið hjá mér í jóga á haustönninni. Um leið og ég þakka ykkur öllum fyrir ánægjulega samveru, sendi ég óskir um gleðilega hátíð og farsæld á komandi ári. Við tökum okkur nú gott jólafrí og mætum svo galvösk aftur til leiks þann 10. janúar á nýju ári.

60 ára og eldri

Staður: Heimaland (kjallari)

Tími: Fimmtudagar kl. 10:00

Gerum æfingar á stól og standandi. Kenni líka öndunaræfingar og tímarnir enda á slökun. Allir hjartanlega velkomnir, það er hægt að bætast í hópinn hvenær sem er.

Hefðbundið jóga í sal

10 vikna lota hefst fimmtudaginn 10. janúar. Kennt verður tvisvar í viku, mánudaga og fimmtudaga kl. 17:30. Allir velkomnir, karlar jafnt sem konur. Hver og einn fer eftir eigin getu í tímunum.

Skráning er nauðsynleg í þetta námskeið. Nánari upplýsingar má fá í síma 8980677 eða á netfanginu adj13@hi.is

Ég mun síðan byrja aftur með útjóga þegar veður og færð leyfa. Hlakka til að hitta ykkur að nýju ári.

Kveðja

Aðalheiður Jónsdóttir jógakennari



Spurt og svarað.

Þann 16. nóv. fékk ég spurningu í tölvupóstinum frá Baldri Garðarssyni frá Skollagróf.

Hvernig varð Flúðanafnið til? Það varð fátt um svör hjá mér, Ég hafði ekki hugmynd um það. Ég fór þá að spyrtast fyrir hjá eldra fólki um þetta, meðal annars hjá Ásgerði Ingimarsdóttur, en hún er fyrsta barnið sem fæddist á Flúðum, en enginn gat svarað þessu. Þá fór ég í smíðju til Guðmundar Indriðasonar frá Snússu (nú Ásatún) Hann mundi margt frá þessum tíma þó 97 ára sé. (vert væri að einhver góður penni tæki við hann viðtal um þessa gömlu tíma) Hann var um tíma sem unglingur í Bryðjuholti og var þá oft sendur með rúgbrauð til baksturs í hver sem seinna var kallaður skólahverinn og byggt var yfir hann við enda skólahússins. Var hann notaður til eldamennsku fyrir mótuneyti skólans. Þá talaði hann um að hann hafi farið yfir Hellisholtalæk á stiklunum við flúðirnar í læknum. 1929 stóð Bygging skólahússins sem hæst. Þegar búið var að reisa sperrurnar á skólahúsinu var ákveðið að halda reisugildi. Þantaðir voru tveir laxar frá Auðsholti og strákur sendur með þá að Snússu. Guðmundur átti svo að koma löxunum á leiðarenda. Ætlaði hann að ríða yfir lækinn á flúðunum við skólahúsið en hesturinn þverneitaði að fara yfir lækinn, þá hljóp Guðmundur yfirsmiður yfir á stiklunum og tók við laxapokanum. Þegar verið var að steypa skólann var mölin tekin úr sandbakkanum handan lækjarins. Um þriggja feta lag af hreinni möl var í bakkanum og tók Kristján á Efra-Seli, með sínum strákum að sér að flytja mölina í steypuna. Steypan var síðan hífd upp í mótin í tunnu og hestur fenginn til að draga tunnuna upp, var fenginn hestur frá Hrafnkelsstöðum sem Bóatýr hét, var þetta óvenju gáfuð skepna og þurfti lítið að sinna honum við hans verk. En þetta er nú að mestu útdúrdúr. Ákveðið var að halda samkeppni um nafn á skólann og bærust margar uppástungur. Þar á meðal nafnið Flúðir, var það nafn valið og tilkynnt að Flúðaskóli skyldi hann heita. Ekki gat Guðmundur sagt mér hver hefði stungið upp á þessu nafni. Ég vissi að einn af fyrstu nemendum skólans var enn á lífi, en það var Sigurjón Guðnason frá Jaðri. Já hvar er hann nú til húsa? Ég hafði samband við skólasystur mína Guðrúnu frá Jaðri og bað hana að spjalla við bróður sinn um þessi mál. Það stóð ekki á svari hjá þessum 95 ára manni sem enn hefur stálmynni. Hann stakk upp á þessu nafni við Ingimar skólastjóra, hann lagði það síðan fyrir nafnanefndina sem samþykkti þetta ágæta nafn á skólann. Þéttbýlið dró svo nafn af skólanum og kallast Flúðir. Læt ég þessum skrifum lokið en bendi enn og aftur á nauðsin þess að haft verði viðtal við þessa mætu öldunga svo þeirra þekking um sögu skólans, smíði göngubrúar yfir lækinn, sem Sigurjón var yfirsmiður að, og lífið í sveitinni á þessum árum falli ekki í gleymsku þegar þeir falla frá.

Varmalæk 3 des.2012 Karl Gunnlaugsson

Verð með steypa fugla og smámuni, dömu lopavesti, barnapeysur o.fl.úr einföldum lopa til sölu fyrir jólin. Allt á tilboði.
Er einnig með vefstól til sölu 8 skefta vefur 1,20 á breidd. Verð tilboð.

Upplýsingar í síma 4666725 og 8691341

HÚSALEIGUBÆTUR

Viljum minna á að sækja þarf um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gilda umsóknir til áramóta (skv 10. gr laga um húsaleigubætur).Hægt er að lesa lög in heild á velferdarraduneyti.is

Umsóknir þurfa að berast á skrifstofu
Hrunamannahrepps fyrir 14.janúar 2013.
Sveitarstjóri

Frá launafulltrúa!!!!!!

ÁRÍDANDI TILKYNNING

Hlutadeigandi eru minntir á að skila inn skýrslum um nefndalaun og önnur ógreidd laun vegna ársins 2012 í síðasta lagi 20. desember nk.

Síðasta sorpferð á árinu er frá 18. des til 21. des.

Minnt er á gámana.

Munið að ganga vel um gámasvæðið og lesa merkingar á gámunum.

ATH!!

Engin sorphirða er á milli jóla og nýárs.

Með óskum um gleðileg jól, og þakka árið sem er að líða.

Tómas Þórir Jónsson



Hreppamaður



Hreppamaður heitir blað
hendingar og ræður.
Kæru vinir kaupid það.
Konur menn og bræður.

Öll 12 rit Bjarna Guðmundssonar frá Hörgsholti
eru til sölu í Þverspyrnu á kr. 4000 öll ritin, einnig til stök rit.
Tilvalið í jólapakkann, ætti að vera til á hverju heimili
Allur ágóði rennur til krabbameinssjúkra barna.
Allar upplýsingar hjá Guðrúnu í Þverspyrnu í síma 486-6735.
Verið velkomin.

Jólakveðja frá Hótel Flúðum

*Óskum viðskiptavinum okkar og sveitungum,
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.*



*Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða
Starfsfólk Hótel Flúða*



Flúðaleið

Sendum viðskiptavinum og Sunnlendingum
öllum óskir um gleðileg jól og farsæld
á komandi ári.

Starfsfólk Flúðaleiðar

**HJÓNABALL, 2.MARS 2013
TAKIÐ DAGINN FRÁ!!**

Samkaup strax



Opnunartími í desember .

Laugardagur	22. desember	10:00-18:00
Þorláksmessa	23. desember	11:00-17:00
Aðfangadagur	24. desember	10:00-13:00
Jóladagur og annar í jólum		LOKAÐ
Fimmtudagur	27. desember	10:00-18:00
Föstudagur	28. desember	10:00-18:00
Laugardagur	29. desember	10:00-18:00
Sunnudagur	30. desember	11:00-17:00
31. desember	Gamlársdagur	10:00-13:00
Nýársdagur 01.01.2013		LOKAÐ
Þriðjudagur	02.01.2013	10:00-18:00

JÓLAPÓSTKASSINN ER Á SÍNUM STAÐ

Frímerki eru seld í búðinni

Munið helgartilboðin

Bækur á tilboðsverði

Þökkum viðskiptin á árinu

sem er að líða

Jólakveðjur

Starfsfólk Samkaupa Strax

á Flúðum.

GLEÐILEG JÓL





JÓLAKVEÐJA

ÞÖKKUM
FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR



HÓTEL GEYSIR

HAUKADAL



Áramótabrenna
verður í landi Sunnuhlíðar
kl: **20:30 á gamlárskvöld.**
Þrettándabrenna verður á lóð
Tjaldmiðstöðvarinnar á Flúðum,
5.janúar 2013 kl: 20:00.
Brennustjórar

Kæru vinir í Hrunamannahreppi.

Nú líður að starfslokum hjá mér sem Landpóstur.

Okkar samskipti hafa verið frábær, það sem að mér snýr, og vona að það sé gagnkvæmt.


Saga vors lífs í leik og starfi,
samskipti eiga við elskulegt fólk.
Störfum að sinna sem þjónninn þarfi,
þegnum og teyga sem móðurmjólk

Þá gæfu og gleði ég vil nú á minnast,
glæðbeitta þjónustu starfssemin ber.
Sem póstkari frá upphafi ykkur að kynnast,
samrýmdist strax því er sneri að mér.

Vini að eiga er veraldar auður,
vegsemd í starfi, “það eruð þið.”
Án ykkar allra þá væri ég snauður,
þess vegna sameind og “það erum við.”
HGG

Árið 1986






Ég vil svo kveðja með virðingu og þökk fyrir ánægjulegt samstarf og hlýju í garð okkar hjóna. Enda þetta svo með jólahugvekju konu minnar:


Í skammdægishúminu hugum að jólum, helgast þær vonir um óskir og vilja. Að heimsbyggðin sitji í öruggum skjólum sem mannkynið læri að virða og skilja.

Já veraldarhugsjón er völdug og sterk
Viljann og þrána öll við eigum.
Himnanna faðir hans heilögu verk,
jólanna hátíðar tilganginn teygum.
HGG

Guð gefi ykkur gleðileg jól og gæfurík komandi ár.
Kær kveðja Jón Póstur.



Árið 2012





*Tiundi var Gluggagægir,
grályndur manni,
sem laumadist á skjáinn
og leit inn um hann.*

*Ef eitthvað var þar inni
álitlegt að sjá,
hann oftast nær seinna
í það reyndi að ná.*

Þannig orti Jóhannes úr Kötlum um Gluggagægi

“Gluggagæjadagur” - fyrir gæja og pæjur

Föstudaginn **21. desember**
verðum við í jólaskapi og fögnum
komu Gluggagægis.

Af því tilefni bjóðum við gestum og
gangandi uppá kaffi, konfekt og:)

frá kl. 14 - 18

**Í tilefni dagsins verður
10% afsláttur af öllum
vörum í verslun**



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
480 5600
landstolpi.is

Nú eru margar nýjar, skemmtilegar og fróðlegar bækur komnar á bókasafnið. Því er um að gera að koma við og athuga hvað bíður spennandi í hillunum.

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Á gegnir.is (Mínar síður) geta lánþegar m.a. séð hvað þeir eru með í láni, hvenær skiladagur er og fleira. Lánþegar eru hvattir til að nýta sér þessa þjónustu. Munið skilalúguna! ☺

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Verið hjartanlega velkomin.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



Búfjáreigendur athugið.

Nú fer að líða út síðasti frestur til að skila forðagæsluskýrslu fyrir árið 2012

Hvet ég alla til að skila á netinu(þeir sem það gera) eða senda mér skýrslurnar, sem ég reikna út og sendi til Matvælastofnunar.

Skila þarf sem allra fyrst.

Einnig má skila skýrslunum á skrifstofu Hrunamannahrepps þar sem ég tek þær.

Lofur Þorsteinsson búfjárefnir, - Ásastíg 10 b.

Frá Útlaganum

*Sendum viðskiptavinum og sveitungum
hugheilar jóla og nýárskveðjur.*

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða



Félagsmiðstöðin Zero hefur verið önnum kafin nú í haust, starfsemin byrjaði formlega með busun þar sem 10.bekkur bauð 8.bekk velkominn og enduðu þau kvöldið með stórskemmtilegu busaballi. Zero er opin tvisvar í viku og hafa öll ungmenni í sveitarféluginum aðgang að starfseminni sem er fjölbreytt, meðal þess sem við höfum gert í haust auk fastra lið er ungmennaskipti, keppt í Stíl, Halloween ball og söngvakeppni Zero. Í lok október fóru 11 ungmenni frá Zero ásamt tveimur farastjórum þeim Halldóru Hjörleifsdóttir og Eygló Jósephsdóttir til Englandis og tóku þar þátt í ungmennaskiptum, auk okkar voru ungmenni frá Englandi og Eistlandi. Rúmlega 30 ungmenni frá þessum löndum tóku þátt í fjölbreyttum verkefnum sem öll fjölluðu um sama viðfangsefnið en útgangspunktur verkefnisins var „ Make a career – Be a volunteer“ eða hvernig þátttaka í sjálfbóðaliðsstarfi getur aukið atvinnutækifæri þín. Það voru hrein forréttindi að fá að fara með þessum flottu ungmönnum og vinna að þessu verkefni en hópurinn í heild sinni stóð sig frábærlega.



Anna Dagbjört, Áslaug, Erla, Gulla, Hafdís, Hugrún, Jón Gunnar, Katrín, Valgeir og Ylfa á Keflavíkurflugvelli á leið til Manchester.



Allur hópurinn síðasta kvöldið

Zero hefur undanfarin þrjú ár tekið þátt í Stíl sem er keppni á vegum Samfés

(samtök félagsmiðstöðva á Íslandi) en keppt er í fatahönnun, hárgreiðslu, fördun og möppugerð. Keppnin fór fram í Hörpunni 24.nóvember og tóku rúmlega 50 félagsmiðstöðvar þátt. Stelpurnar í liði Zero gerðu sér lítið fyrir og lentu í 2.sæti með hönnun sína Ragnarrök. Þær Raket Georgsdóttir (módel), Guðleif Erna Steingrimsdóttir, Hafdís Smáradóttir og Hugrún Embla Sigurðardóttir unnu að hönnun sinni í vali í Flúðaskóla sem Helena Eiríksdóttir handavinnukennari og Eygló Jósephsdóttir myndlistarkennari sáu um. Auk þeirra unnu tvö önnur lið að hönnun sinni í val tímum og tóku þátt í undankeppni Zero sem haldin var í lok október en þar var valið það lið sem keppa átti fyrir hönd Zero á Stíl 2012.



Hafðis, Guðleif, Raket og Hugarún



Raket í frábæri hönnun stúlkanna

Söngvakeppni Zero fór fram 29.nóvember og tóku fjögur lið þátt. Í ár unnu þær Erla Ellertsdóttir og Ninna Ýr Sigurðardóttir með lagið Brim og boðaföll með Landi og sonum. Þær verða verðugir fulltrúar Zero á USSS í janúar 2013 en það er undankeppni Suðurlands fyrir söngvakeppni Samfés sem fer fram í byrjun mars á næsta ári, Samfestingurinn 2013.



Fyrir hönd Félagsmiðstöðvarinnar Zero Eygló Jósephsdóttir

*Okkar bestu óskir um
Gleðilega jólahátíð og heillaríkt komandi ár.
Þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.
Vélaverkstæðið Klakkur*



Myndir frá aðventuhátíð í Félagsheimili Hrunamanna þann 1. des sl. Ljóm: SigSigm